

SAMÞYKKT

um sorpflutninga og sorpeyðingu í Biskupstungnahreppi.

I. Almenn ákvæði.

1. gr.

Sveitarfélagið Biskupstungnahreppur annast gámaflutninga og sorpeyðingu í sveitarfélaginu. Heilbrigðisnefnd Suðurlands hefur eftirlit með sorpeyðingunni og að farið sé að samþykkt þessari. Sveitarstjórn er heimilt að fela öðrum framkvæmd gámaflutninga og sorpeyðingar. Þeir aðilar skulu hafa starfsleyfi heilbrigðisnefndar eða Hollustuverndar ríkisins eftir því sem við á.

2. gr.

Sorpflutningar og sorpeyðing skal framkvæmd undir yfirstjórn eftirlitsaðila sveitarfélagsins og skal hann jafnframt vera tengiliður og sjá um samskipti við þá aðila sem annast flutning sorps og sorpeyðingu á hverjum tíma. Einnig ber hann ábyrgð á móttöku spilliefna og meðferð landbúnaðarplasts og brotajárns.

3. gr.

Gámasvæði skulu vera aðgengileg. Gámar skulu staðsettir á aðgengilegum stöðum. Lífrænum úrgangi og járnri skal komið fyrir í sérmerкта gáma. Spilliefnum og hættulegum úrgangi skal skilað í móttökustöð sveitarfélagsins.

4. gr.

Sveitarstjórn ákveður, að fengnum tillögum eftirlitsmanns sorpeyðingar og framkvæmdaraðila sorpflutninga, tíðni sorphreinsunar. Ákvörðun um skipulag, staðsetningu og tíðni hreinsunar á gámasvæðum skal auglýst árlega. Fara skal að ákvæðum reglugerðar um úrgang nr. 805/1999.

II. Sorpeyðingargjöld.

5. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að setja gjaldskrá að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar til að standa undir kostnaði við sorphirðu, sbr. 3. mgr. 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Gjöld mega aldrei vera hærri en sem nemur rökstuddum kostnaði við veitta þjónustu og framkvæmd eftirlits með einstökum þáttum. Sveitarfélagið skal láta birta gjaldskrána í B-deild Stjórnartíðinda.

III. Ýmis ákvæði.

6. gr.

Hafi íbúar fram að færa kvörtun vegna sorpflutninga skal koma henni skriflega á framfæri til framkvæmdastjóra sveitarfélagsins.

7. gr.

Með brot á þessari samþykkt skal farið samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.

8. gr.

Ofangreind samþykkt hreppsnefndar Biskupstungnahrepps staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

Umhverfissráðuneytinu, 9. febrúar 2000.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.*Ólafur Pétursson.***REGLUGERÐ****um innritun nemenda í framhaldsskóla.**

1. gr.

Allir þeir sem lokið hafa námi í grunnskóla eða öðru jafngildu námi skulu eiga kost á að hefja nám í framhaldsskóla.

Hér er kveðið á um lágmarkskröfur um námsárangur í einstökum greinum og greinaflokkum við lok grunnskóla og starfsþjálfun þar sem hennar er krafist vegna inntöku nemenda á tiltekna námsbrautir framhaldsskóla. Inntökuskilyrði skulu stuðla að því að nemandr hafi nægan undirbúning til að takast á við nám á viðkomandi námsbraut. Inntökuskilyrði miðast við námsárangur á samræmdum lokaprófum og við skólaeinkunnir við lok grunnskóla eftir því sem við á.

2. gr.

Nemendur, sem lokið hafa skyldunámi í samræmi við ákvæði aðalnámskrár grunnskóla, og einnig samræmdum lokaprófum a.m.k. í íslensku og stærðfræði, geta innritast á brautir framhaldsskóla, svo fremi að ekki séu gerðar viðbótarkröfur um árangur í tilteknum námsgreinum, sbr. 3., 4. og 5. gr., enda fullnægi þeir eftirtöldum skilyrðum: Meðaltal einkunnar á samræmdu lokaprófi og skólaeinkunnar við lok grunnskóla í hvorri áður nefndra námsgreina sé að lágmarki 5,0 og auk þess má einkunn á samræmdu prófi ekki vera lægri en 4,5 í hvorri þessara námsgreina, sjá þó ákvæði 3. gr. hvað varðar lágmarkseinkunnir til inntöku á bóknámsbrautir. Sjá 6. gr. varðandi nemendur sem ekki uppfylla skilyrði þessarar greinar.

3. gr.

Til að hefja nám á bóknámsbrautum framhaldsskóla þurfa nemendur að þreyta a.m.k. fjögur samræmd próf, þ.e. í íslensku og stærðfræði, sbr. 2. gr., og tvö próf til viðbótar, sbr. a-, b- eða c-lið þessarar greinar:

- a) Til að hefja nám á málabraut skulu nemendur hafa þreytt samræmd lokapróf í íslensku, dönsku, ensku og stærðfræði. Meðaltal einkunnar á samræmdu lokaprófi og skólaeinkunnar við lok grunnskóla í íslensku, dönsku og ensku skal vera 6,0 að lágmarki í hverri námsgrein og auk þess verður einkunn á samræmdu lokaprófi að vera 5,0 eða hærri í hverri þessara námsgreina. Um lágmarksárangur í stærðfræði gilda ákvæði 2. gr.
- b) Til að hefja nám á félagsfræðabraut skulu nemendur hafa þreytt samræmd lokapróf í íslensku, ensku, samfélagsgreinum og stærðfræði. Meðaltal einkunnar á sam-